



Alþingi  
Nefndarsvið  
Austurstræti 13 – 15  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2009

**Varðar:** Tillaga til þingsályktunar um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu, 19. mál

Samtökin telja að áætlun sem þessi muni auðvelda skipulagsvinnu á svæðinu og styðja við atvinnuuppbyggingu. Það að stjórnvöld setji fram áætlun um hvert skuli stefna auðveldar öllum hagsmunaaðilum að skipuleggja sín störf.

Minnt er á að verið er að vinna fleiri áætlanir sem ætla má að skarist að einhverju leyti við þessa, þ.m.t. rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, sem og náttúruverndaráætlun. Hætta er á að samráð og samvinnu skorti á milli ráðuneyta, stofnana og annarra sem stýra þessari vinnu. Sama á við um eftirfylgni, hætta er á að bent verði í ólíkar áttir ef framlagðar tillögur skarast. Samtökin beina því til Alþingis að hnykkja á því í tillögunni að samráð verði við haft vegna annarra áætlana þar sem skörun er. Sömuleiðis þarf að skoða vel hvernig fjármögnun verkefnisins verður háttáð því ekki er æskilegt að nýta fé í þetta verkefni sem þegar hefur verið eyrnamerkt öðrum verkefnum.

Bryndís Skúladóttir,  
forstöðumaður umhverfismála